

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Drambsemi og prestdæmið

Dieter F. Uchtdorf forseti
annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Kæru bræður, þakka ykkur fyrir að koma saman svo víða um heim á þennan prestdæmisfund aðalráðstefnu. Návist ykkar ber vott um að þið séuð staðráðnir í því að standa við bakið á bræðrum ykkar sem hafa hið heilaga prestdæmi, hvar sem þið eruð, og heiðra Drottin okkar og frelsara, Jesú Krist, og þjóna honum.

Oft mörkum við tímaskeiðin í lífi okkar eftir þeim atburðum sem hafa hvað mest áhrif á huga okkar og hjarta. Margir slíkir atburðir eru í mínu lífi, einn þeirra gerðist 1989, þegar ég hlustaði á hina sígildu ræðu Ezra Taft Benson forseta: „Varist drambsemi.“ Í kynningu Benson forseta kom fram að efnið hafði legið þungt á hjarta hans um nokkurt skeið.¹

Ég hef fundið álíkan þunga hvíla á mér umliðna mánuði. Innblástur heilags anda hefur hvatt mig, sem annað vitni, til að ræða um þennan boðskap Benson forseta, sem hann flutti fyrir 21 ári.

Allir menn hafa a.m.k. einhver ef ekki nán kynni af þeirri synd sem drambið er. Engum hefur tekist að sigla fram hjá því og fáum að sigrast á því. Þegar ég sagði eiginkonu minni frá efni ræðu minnar, brosti hún og sagði: „Það er gott að þú ræðir um efni sem þú ert svo kunnugur.“

Aðrar merkingar *drambs*

Ég minnst einnig eins áhugaverðs atriðis í þessari áhrifamiklu ræðu Benson forseta. Um hríð varð það næstum bannorð meðal kirkjumeðlima að segjast vera „stoltur“ af börnum sínum eða landi eða eigin verkum. Hugtakið *stolt* virtist ekki lengur til í máli okkar.

Í ritningunum eru fjölmörg dæmi um gott og réttlátt fólk sem fagnaði í réttlæti og naut jafnframt dýrðar í gæsku Guðs. Himneskur faðir kynnti sjálfur sinn ástkæra son með því að nota orðin „sem ég hef velþóknun á.“²

Alma dásamaði þá hugsun, að hann mætti verða „verkfæri í höndum Guðs.“³ Páll postuli vegsamaði trúfesti meðlima kirkjunnar.⁴ Hinn mikli trúboði, Ammon, vegsamaði þá velgengni sem hann og bræður hans höfðu notið sem trúboðar.⁵

Ég trúi að það sér tvennt ólíkt að vera stoltur af einhverju ákveðnu og að vera drambsamur. Ég er stoltur af mörgu. Ég er stoltur af eiginkonu minni. Ég er stoltur af börnum mínum og barnabörnum.

Ég er stoltur af æskufólki kirkjunnar og fagna yfir gæsku þess. Ég er stoltur af ykkur, mínir trúföstu bræður. Ég er stoltur af því að standa við hlið ykkar sem handhafi hins heilaga prestdæmis Guðs.

Dramb er synd sjálfsupphafningar

Og hver er þá munurinn á þessari tilfinningu og drambseminni sem Benson forseti kallar „hina almennu synd?“⁶ Dramb er syndsamlegt, líkt og Benson forseti kenndi svo eftirminnilega, því það elur af sér óvild eða fjandskap og setur okkur í andstöðu við Guð og samferðamenn okkar. Dramb er í eðli sínu synd samanburðar, því þótt hún hefjist oft á: „Sjáðu hvað ég er frábær og hvað ég hef áorkað miklu,“ virðist hún alltaf enda á: „Þess vegna er ég betri en þú.“

Þegar hjörtu okkar fyllast drambi, drýggjum við alvarlega synd, því við brjótum tvö æðstu boðorðin.⁷ Í stað þess að vegsama Guð og elska náunga okkar, drögum við fram í dagsljósið hina raunverulega mynd sem við elskum – myndina sem við sjáum í speglinum.

Dramb er hin útbreidda synd sjálfsupphafningar. Það er í augum marga þeirra eigin Rameumptom, heilagur pallur, eða afstaða, sem réttlætir öfund, ágirnd og hégóma.⁸ Dramb er að nokkru leyti hin upprunalega synd, því fyrir grundvöllun þessarar jarðar, varð dramb Lúsifers, sonar morgunsins, sem vald hafði í návist Guðs,⁹ honum að falli. Fyrst dramb megnaði að spilla jafn hæfum og efnilegum einstaklingi og hann var, ættum við þá ekki að líta í barm eigin sálar?

Dramb hefur mörg andlit

Dramb er banvænt krabbamein. Það er hliðið að fjölda annarra mannglegra veikleika. Í raun má segja að allar aðrar syndir séu í eðli sínu einhver birting á drambi.

Synd þessi á sér mörg andlit. Það fær suma til að velta sér upp úr eigin sjálfsánægju, afrekum, hæfileikum, auðæfum eða stöðu. Þeir telja slíkar blessanir bera vott um að þeir séu „útvaldir“ og „æðri“ eða „réttlátari“ en aðrir. Þetta er syndin sem segir: „Guði sé lof að ég er sérstakari en þú.“ Í eðli sínu er hún löngun til að vekja aðdáun eða öfund. Hún er synd sjálfsdýrðar.

Hjá öðrum snýst dramb um öfund: Þeir líta af beiskju til þeirra sem hafa betri stöður, eru hæfileikaríkari eða eiga meiri eignir. Þeir reyna að skaða, lítillækka og rífa niður aðra í ósæmilegum tilraunum til sjálfsupphafningar. Þegar þeir sem þeir öfunda hrasa eða þjást, gleðjast þeir hið innra.

Fordæmi íþróttanna

Kannski er ekkert heppilegra dæmi um dramb en það sem sjá má í heimsíþróttunum. Ég hef alltaf haft unun af því að taka þátt í íþróttum og horfa á íþróttaviðburði. En verð þó að viðurkenna að stundum skortir skammarlega á háttþrýði. Hvernig geta þeir sem yfirleitt eru ljúfir og samúðarfullir orðið svo óumburðarlyndir og fullir óvildar gagnvart öðru keppnisliði og stuðningsmönnum þess, líkt og raun ber vitni?

Við höfum séð íþróttaaðdáendur rægja og vanvirða andstæð lið. Þeir leita allra bresta og gera eins mikið úr þeim og hægt er. Þeir réttlæta óvild sína með grófum alhæfingum, sem beinast gegn öllum sem tengjast hinu andstæða liði. Verði keppinauturinn fyrir ógæfu fagna þeir.

Bræður, því miður sjáum við nú slíkt atferli eiga sér of oft stað á vettvangi stjórn mála, þjóðernismála og trúarbragða.

Kæru prestdæmisbræður og lærisveinar hins ljúfa Krists, ættum við ekki að vera yfir allt slíkt hafnir? Sem prestdæmishafar verðum við að gera okkur ljóst, að öll börn Guðs klæðast samskonar liðspeysu. Liðið okkar er bræðralag manna. Jarðlífið er okkar keppnisvöllur. Takmark okkar er að læra að elska Guð og sýna samferðafólki okkar þá elsku. Við erum hér til að hlíta lögmálum hans og stofna ríki Guðs. Við erum hér til að byggja upp, koma vel fram við og hvetja öll börn himnesks föður.

Látum ekkert stíga okkur til höfuðs

Þegar ég var kallaður sem aðalvaldhafi, naut ég þeirrar blessunar að fræðast af eldri bræðrum kirkjunnar. Dag einn gafst mér kostur á að aka James E. Faust forseta á stikuráðstefnu. Þann tíma sem við áttum saman í bílnum kenndi Faust forseti mér nokkrar mikilvægar reglur um verkefni mitt. Hann útskýrði einnig hve náðarsamlegir meðlimir kirkjunnar væru, einkum við aðalvaldhafa. Hann sagði: „Þeir munu sýna þér mikla góðvild. Þeir mun segja margt fallett um þig.“ Hann hló lítið eitt og sagði síðan: „Dieter, vertu þakklátur fyrir það. En láttu það aldrei stíga þér til höfuðs.“

Það er okkur öllum góð lexía, bræður, í hvaða köllunum sem við erum eða aðstöðu. Við getum verið þakklátir fyrir heilbrigði okkar, auð, eigur eða stöður, en fari það að stíga okkur til höfuðs – förum við að verða alteknir af aðstöðu okkar; fari allt að snúast um eigið ágæti, völd eða orðspor; förum við að velta okkur upp úr opinberri ímynd okkar og trúa úrklippum fjölmiðla um okkur – mun vandi okkar hefjast; mun drambið taka að sýra okkur.

Fjöl margar aðvaranir eru í ritningunum um dramb: „Með hroka vekja menn aðeins þrætur, en hjá ráðþægnum mönnum er viska.“¹⁰

Pétur postuli sagði: „Guð stendur gegn dramblátum, en auðmjúkum veitir hann náð.“¹¹ Mormón sagði: „Enginn er Guði velþóknanlegur, nema hinn hógværi og af hjarta líttilláti.“¹² Af ásetningi hefur Drottinn „útvalið það, sem heimurinn telur heimsku, til að gjöra hinum vitru kinnroða.“¹³ Það gerir Drottinn til að sýna að hönd hans er í verki hans, nema við „[treystum] á arm holdsins.“¹⁴

Við erum þjónar Drottins okkar og frelsara, Jesú Krists. Okkur er ekki veitt prestdæmið til þess að láta bugta sig og beygja fyrir okkur. Við erum hér til að bretta upp ermarnar og starfa. Okkur er ekki ætlað að vinna neitt venjulegt verk. Við erum kallaðir til að búa heiminn undir komu Drottins okkar og frelsara, Jesú Krists. Við leitum ekki eigin heiðurs, heldur gefum Guði dýrð og vegsemd. Okkur er ljóst að framlag okkar sjálfra er lítið, en þegar við iðkum kraft prestdæmisins í réttlæti, megnar Guð að koma miklu og undursamlegu verki til leiðar fyrir okkar atbeina. Okkur verður að lærast, líkt og Móse, að „maðurinn er ekkert“¹⁵ af sjálfum sér og að „Guð megnar allt.“¹⁶

Jesús Kristur er fullkomið dæmi um auðmýkt

Í þessu, líkt og öllu öðru, er Jesús Kristur okkar fullkomna fordæmi. Lúsifer reyndi að breyta sáluhjálparáætlun föðurins og eignaði sér heiðurinn, en frelsarinn sagði: „Faðir,

verði þinn vilji og þín sé dýrðin að eilífu.“¹⁷ Þrátt fyrir stórfenglega hæfileika og afrek, var frelsarinn alltaf lítillátur og auðmjúkur.

Bræður við höfum „hið heilaga prestdæmi eftir reglu Guðssonarins.“¹⁸ Það er sá kraftur sem Guð hefur veitt mönnum á jörðinni til að starfa fyrir hans hönd. Við verðum að keppa að því að líkjast frelsaranum til þess að nota þann kraft. Það merkir að við leitumst við að gera vilja föðurins í öllu, líkt og frelsarinn gerði.¹⁹ Það merkir að við gefum föðurnum alla dýrðina, líkt og frelsarinn gerði.²⁰ Það merkir að við týnum sjálfum okkur í þjónustu við aðra, líkt og frelsarinn gerði.

Dramb er rofi sem rýfur kraft prestdæmisins.²¹ Auðmýkt er rofi sem tengir hann og virkjar.

Verið auðmjúkir og elskuríkir

Hvernig fáum við þá sigrast á synd drambsins, sem svo almenn er og skaðleg? Hvernig verðum við auðmjúkari?

Næstum ómögulegt er að hreykja sér upp þegar hjartað er fullt kærleika. „Enginn getur aðstoðað við þetta verk, nema hann sé auðmjúkur og fullur elsku.“²² Þegar við skoðum veröldina umhverfis með sjóngleri hinnar hreinu ástar Krists, förum við að skilja hvað auðmýkt er.

Sumir telja auðmýkt felast í sjálfshýðingu. Auðmýkt er ekki að sannfæra sjálfan sig um að maður sé einskis virði eða merkingarlaus. Auðmýkt er ekki að vanvirða eða vanrækja þá hæfileika sem Guð hefur gefið okkur. Við munum ekki skilja hvað auðmýkt er með því að gera lítið úr sjálfum okkur; við munum skilja hvað auðmýkt er með því að hugsa minna um sjálfa okkur. Við ávinnum okkur hana er við sinnum verki okkar með því viðhorfi, að vera fúsir til að þjóna Guði og samferðafólki okkar.

Auðmýkt er að elska aðra og beina athygli sinni að þeim og tilgangi himnesks föður. Dramb er að gera þveröfugt. Drambið fær afl og styrk úr djúpri uppsprettu eigingirninnar. Um leið og við hættum að vera of uppteknir af sjálfum okkur og gleymum okkur í þjónustu, mun dramb okkar stöðugt minnka.

Kæru bræður, svo margir eiga um sárt að binda, sem við getum hugað að í stað okkar sjálfra. Og gleymið aldrei fjölskyldu ykkar og eiginkonu. Við getum þjónað á svo marga vegu. Við höfum ekki tíma til að verða of sjálfhverfir.

Á starfsferli mínum sem flugstjóri átti ég eitt sinn penna sem mér fannst gott að skrifa með. Ég gat valið um fjóra liti, einfaldlega með því að snúa skaftinu. Penninn möglaði ekki þegar ég hugðist nota rauða litinn í stað þess bláa. Hann sagði ekki við mig: „Ég vil helst ekki skrifa eftir 10 á kvöldin, þegar of mikil þoka er eða ég er í of mikilli hæð.“ Penninn sagði ekki: „Notaðu mig aðeins fyrir mikilvæg skjöl, en ekki til hversdagslegra verkefna.“ Hann framkvæmdi öll þau verk sem ég þurfi á að halda af miklum áreiðanleika, hversu mikilvægt eða léttvægt sem það var. Hann var alltaf til þjónustu reiðubúinn.

Á líkan hátt erum við verkfæri í höndum Guðs. Þegar við höfum hjartað á réttum stað, möglum við ekki yfir því að úthlutað verkefni okkar hæfi ekki getu okkar. Við þjónum af

gleði í öllu sem okkur hefur verið falið að leysa af hendi. Þegar við gerum það, getur Drottinn notað okkur til að vinna verk sitt á þann hátt sem er ofar okkar skilningi.

Ég ætla að ljúka með orðum úr hinum innblásna boðskap Ezra Taft Benson forseta fyrir 21 ári:

„Dramb *er* hin mikla hrösunarhella Síonar.

Við verðum að hreinsa kerfið að innan með því að sigrast á drambi.²³

Við verðum að láta undan ,umtölum hins heilaga anda,‘ losa okkur úr viðjum hins drambsama ,náttúrliga manns,‘ verða ,[heilagir] fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins,‘ og ,sem barn, [undirgefni, hógværir, auðmjúkir].‘²⁴

Guð vill að fólk sé auðmjúkt. ... ,Blessaðir eru þess vegna þeir, sem auðmýkja sig án þess að vera neyddir til auðmýktar.‘²⁵

Veljum að vera auðmjúkir. Við getum gert það. Ég veit við getum það.²⁶

Ástkæru bræður, við skulum fylgja fordæmi frelsara okkar og þjóna öðrum í stað þess að leita lofs og heiðurs manna. Ég bið þess að við megum þekkja og uppræta óréttmætt dramb í hjörtum okkar og í þess stað fylla það af „réttlæti, guðhræðslu, trú, kærleika, stöðuglyndi og hógværð.“²⁷ Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá Ezra Taft Benson, „Beware of Pride,“ *Ensign*, maí 1989, bls. 4.
2. 3 Ne 11:7.
3. Alma 29:9.
4. Sjá 2 Þess 1:4.
5. Sjá Alma 26.
6. Ezra Taft Benson, *Ensign*, maí 1989, bls. 6.
7. Sjá Matt 22:36–40.
8. Sjá Alma 31:21.
9. K&S 76:25.
10. Okv 13:10.
11. 1 Pét 5:5.
12. Moró 7:44.

13. 1 Kor 1:27.
14. K&S 1:19.
15. HDP Móse 1:10.
16. Matt 19:26.
17. Sjá HDP Móse 4:1–2.
18. K&S 107:3.
19. Sjá Jóh 8:28–29.
20. Sjá Jóh 17:4.
20. Sjá K&S 121:34–37.
22. K&S 12:8.
23. Sjá Alma 6:2–4; Matt 23:25–26.
24. Sjá Mósía 3:19; sjá einnig Alma 13:28.
25. Alma 32:16.
26. Ezra Taft Benson, *Ensign*, maí 1989, bls. 6–7.
27. 1 Tím 6:11.